

Hvalvörðugilslækur - Öræfum. deiliskipulag var auglýst frá 11 júlí til 30. ágúst. Umsagnir bárust frá 4 aðilum

UMSÖGN	VIÐBRÖGD
<p><b>Rarik 18. júlí</b></p> <p>Ekki er gerð athugasemd við skipulagið sem slíkt. En reikna þarf með að setja þurfi upp spennistöð eða spennistöðvar til að afhenda rafmagn á svæðið. Spennistöðvar og lagnir þurfa pláss og þarf að ákveða velja staðsetningu í samráði við Rarik.</p>	<p>Engin viðbrögð.</p>
<p><b>Veðurstofa Ísland 18. júlí</b></p> <p>Í Inngangi segir „Unnið var ofanflóðamat og verður metið með Veðurstofu Íslands hvort þörf sé á hættumati“. Verkfræðistofan EFLA gerði mat á ofanflóðaaðstæðum (102932-71-MIN-001-V01), Veðurstofa Íslands skilaði umsögn um deiliskipulagið 11. apríl. Í bæði mati EFLU og umsögn Veðurstofunnar er niðurstaðan að þörf sé á staðbundnu hættumati. Í kafla 2.1.1 þarf einnig að breyta umfjöllun í samræmi við það sem hér kemur fram að undan.</p>	<p>Bætt er inn í greinargerð umfjöllun um hættumat. Matið kallar ekki á breytingu uppdráttu eða breytta skilmála, en gisting verður ekki heimiluð á þjónustusvæði.</p>
<p><b>Minjastofnun Íslands 3. sept.</b></p> <p>Minjastofnun Íslands veitti umsögn um skipulagslýsingu aðalskipulagsbreytingar og gerðar nýs deiliskipulags með bréfi dags. 2. október 2023. Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir að áður en deiliskipulag er afgreitt skuli skráning fornleifa, húsa og mannvirkja hafa farið fram. Eins og stofnunin vakti athygli á í umsögn sinni frá því í október 2023 liggur ekki fyrir skráning menningarminja innan svæðisins. Minjavörður kynnti sér svæðið og fyrirbyggjandi heimildir til að leggja mat á það hvort kalla þyrfti eftir frekari skráningu eða mótvægisáðgerðum vegna menningarminja. Minjastofnun Íslands telur ekki þörf á frekari skráningu menningarminja innan ofangreinds skipulagssvæðis sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Engar þekktar menningarminjar eru innan svæðisins en til eru sagnir um bæjarstæði sem gæti hafa verið á þessum slóðum.</p>	<p>Engin viðbrögð.</p>
<p><b>Vegagerðin 4. september</b></p> <p>Vegagerðin getur að svo komnu máli ekki samþykkt framlagða tengingu að skipulagssvæði þar sem nú þegar er tenging við þjóðveg, of nærri áætlaðri aðkomu að skipulagssvæðinu, sé tekið mið af öryggisreglum Vegagerðarinnar. Vegagerðin óskar eftir samvinnu við útfærslu tengingar.</p>	<p>Vegagerð óskað eftir færslu tengingar til vesturs, brugðist er því og tenging færð um 300m til vesturs.</p>